

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sorphirðu í Akureyrarbæ, nr. 31/2020.

1. gr.

1. mgr. 4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Sorphirðugjald á íbúð er 42.225 kr.

2. gr.

4. mgr. 4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Innifalin í sorphirðugjaldi er móttaka á gjaldskyldu flokkuðu sorpi til eyðingar og endurvinnslu, á endurvinnslustöð gámasvæðis að Réttarhvammi, gegn framvísun 16 skipta klippikorts, sem fæst árlega. Hvert klipp gildir fyrir 0,25 m³ sem samsvarar 240 l heimilistunnu.
Aukakort kostar kr. 8.800 (16 skipta) og 4.400 (8 skipta).

3. gr.

5. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Fyrir móttöku á malbiksbroti á Malbikunarstöð Akureyrar, skal greiða 7,5 kr./kg vegna kostnaðar við endurvinnslu og geymslu.
Fyrir móttöku á múr- og glerbroti, sem er umfram eðlilega heimilislosun, að Sjafnarnesi 2-4, Akureyri, skal greiða 7,5 kr./kg vegna kostnaðar við endurvinnslu og geymslu.
Í 5. gr. kemur ný 3. mgr. sem orðast svo:
Fyrir móttöku á malbiksbroti og múr- og glerbroti frá öðrum sveitarfélögum, skal greiða 30 kr./kg vegna kostnaðar við endurvinnslu og geymslu. Ef úrgangur er blandaður múr og gler eða í honum annar úrgangur skal greiða 35 kr./kg.

4. gr.

Ný 6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Jarðvegslosun að Jaðri.
Gjaldskrá að Jaðri miðast við losun fyrir einn mánuð í senn og er tímabilið 1.-31. hvers mánaðar. Lágmarkslosunargjald fyrir hvern mánuð er kr. 6.000.
Ef 2-10 m³ eru losaðir innan mánaðar greiðast 3.000 kr. fyrir hvern losaðan m³, lágmarksgjald er þó alltaf 6.000 kr.
Sé losun meiri en 10 m³ innan mánaðar greiðist 375 kr. fyrir hvern losaðan m³, lágmarksgjald er þó alltaf 6.000 kr.

Auglýsing þessi um breytingu á gjaldskránni tekur gildi við birtingu. Gjaldskráin var samþykkt í bærarstjórn Akureyrarbæjar 15. desember 2021.

F.h. Akureyrarbæjar, 15. desember 2021,

Inga Þóll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður/persónuverndarfulltrúi.